

117  
14. sept.

- Ef senda þarf eftir mönnum til viðtals í talsíma innan eins kílómetra frá stöðinni, greiðir símtalsbeiðandi kr. 8.00 fyrir sendiferðina. Ef vegalengdin er meiri en 1 kílómetri, greiðist sama gjald og fyrir útburð símskeyta.
7. Ekki mega aðrir afgreiða símtöl eða símskeyti en þeir, er undirskrifað hafa hið lögboðna þagnarheit símamanna.
  8. Stöðvarstjórar skulu mánaðarlega gera reikningsskil innan 15. dags næsta mánaðar á eftir og að öðru leyti hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem póst- og símamálastjórnin setur.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjarskipti og gengur í gildi 1. okt. 1961. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir umframsímtöl aðeins af símtölum, sem fara fram 1. okt 1961 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur frá 1. marz 1960.

*Póst- og símamálaráðherrann, 14. september 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*G. Briem.*

118  
15. sept.

## AUGLÝSING

### um innflutning bifreiða.

Ráðuneytið vill hér með vekja athygli á því, að eftirfarandi reglur hafa verið settar um innflutning bifreiða:

1. Innflutningur nýrra og ónotaðra bifreiða er frjáls. Hins vegar er innflutningur notaðra fólks-, sendi- og jeppabifreiða, að burðarmagni minna en 3 tonn, háður leyfum (sbr. reglugerð útgefna 15. september 1961, um breytingu á reglugerð 78 27. maí 1960, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi).
2. Innflutningsleyfi fyrir notuðum bifreiðum verða hér eftir aðeins veitt eftirtöldum aðilum:
  - a. Aðilum, sem flytja búferlum til landsins, enda færi slíkir aðilar sönnur á, að þeir hafi átt viðkomandi bifreið erlendis í eigi skemmri tíma en eitt ár.
  - b. Aðilum, sem kaupa bifreiðar af starfsfólki erlendra sendiráða hér, enda mæli utanríkisráðuneytið með sölunni.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands munu annast útgáfu leyfa samkvæmt grein þessari.
3. Gjöld samkvæmt 16. gr. laga nr. 4 1960 verða innheimt við tollafgreiðslu. Verða gjöld þessi innheimt af öllum bifreiðum að burðarmagni minna en 3 tonn að undanskildum jeppabifreiðum. Gjöldin eru ákveðin 135% af fobverði eða eftir atvikum matsverði bifreiða þyngri en 1150 kg, en 100% af bifreiðum 1150 kg og léttari, án tillits til þess, hvort bifreiðin er ný eða notuð.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 15. september 1961.*

F. h. r.

**Jónas H. Haralz.**

*Halldór Jónatansson.*